



Nýskráningar og hóflegri markaður

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn lækkaði um 2,1% í júní samanborið við 9,9% lækkun í maí þegar öll félög markaðarins lækkuðu í verði. Sjó af tuttugu þeirra félaga sem skráð voru í byrjun mánaðarins hækka í verði, eitt stendur í stað og tólf lækka. Í júní dró til tíðinda þar sem þrjú félög voru skráð í kauphöllina. Ölgerðin og Nova voru bæði skráð á aðallista Kauphallarinnar en í kjölfar skráningar Alvotech í kauphöllina í New York voru bréf félagsins einnig tekin til viðskipta á First North markaðnum á Íslandi.

Íslenski markaðurinn í júní


Breyting á hlutabréfaverði félaga á OMX-markaðnum í Kauphöllinni í júní lá á nokkuð víðu bili. Sé litið til verðþróunar einstakra félaga á markaðnum í kauphöllinni hækka hlutabréf í Sýn áberandi mest. Bréf félagsins hækkuðu um tæp 16% á fyrstu dögum júní eða um það leyti sem Nova kynnti fjárfestum skráningu sína á markað. Auk Sýnar hækkuðu hlutabréf Skeljungs um u.þ.b. 5%, en bréf félagsins hafa hækkað mest allra félaga í Kauphöllinni frá áramótum, eða um tæp 19%. Erfitt er að greina eitthvert ákveðið mynstur í því hvernig félög hækka og lækka í verði. Það má samt segja að fjármálafyrirtækin, bankar og tryggingafélög, sigli lygnan sjó en hlutabréfaverð VÍS hækkar um 4,7% á meðan Sjóvá lækkar um rúmt hálf prósentustig. Í júní hækkaði Íslandsbanki um 2,6% en Arion banki og Kvika banki lækkuðu um u.þ.b. 3%. Bæði Marel og Iceland Seafood hækkuðu í júní en verð félaganna frá áramótum hefur lækkuð um meira en 30%.

Mest var lækkunin á hlutabréfum Origo, um 12%. Auk Origo lækkuðu hlutabréf Brims, Eimskip og Icelandair öll á bilinu 7,6-8,9% en þessi þrjú félög eiga það sameiginlegt að hafa tekjur í erlendri mynt. Ávöxtun fasteignafélaganna þriggja, Eikar, Regins og Reita, liggur á nokkuð víðu bili eða allt frá hækkun um 0,7% hjá Eik, niður í lækkun um 5,8% hjá Reita. Aðrar hreyfingar voru hóflegri.

Íslenski markaðurinn lækkaði einna minnst í júní


Íslenski markaðurinn lækkaði um 2,1% í júní samkvæmt heildarvísitölu OMX¹ en vísitalan hafði lækkað um tæp 10% í maí. Hlutabréfamarkaðir allra

Ávöxtun hlutabréfa í júní



Heimild: KODIAK og Hagfræðideild Landsbankans.

Ávöxtun hlutabréfa frá áramótum



Heimild: KODIAK og Hagfræðideild Landsbankans.

¹ Iceland All-share Total Return (OMXGI)

helstu viðskiptalanda Íslands lækkuðu í júní, nema sá kínverski, en um er að ræða mestu hækkun hlutabréfa þar í tæp tvö ár. Fjárfestar áætla að efnahagsáfall sífelldra lokanna vegna faraldursins sé afstaðið en nýverið var sóttkví ferðamanna til Kína stýtt úr tveimur vikum í eina. Auk þess hefur hlutabréfaverð kínverskra tæknifyrirtækja hækkað nokkuð skarpt vegna bjartsýni á að aðgerðum stjórnvalda, til að takmarka vald tæknirisanna, fari að linna.

Lækkunin á íslenska markaðnum var talsvert minni en á öðrum mörkuðum sem lækkuðu meira. Hvað Norðurlöndin varðar lækkaði sænski markaðurinn mest, eða um 11,8%, þar á eftir kemur norski sem lækkar um tæp 9%, sá finnski um 7,5% og danski um 5,2%. Mesta lækkun meðal helstu viðskiptalanda Íslands var í Þýskalandi en markaðurinn þar lækkaði um 14,5% í júní.


Fylgni eykst á verði innlendra og erlendra hlutabréfa

Að undanfögnu virðist verð á íslenskum hlutabréfamarkaði í auknum mæli lækka í takt við lækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum þrátt fyrir væntingar um ágætan hagvöxt hér á landi næstu ár og fréttir af góðri afkomu fyrirtækja. Fylgnin flókti nokkuð á árunum 2017-2020 en jókst hratt þegar faraldurinn brast á, þar sem svipaðra áhrifa gætti milli landa. Í byrjun árs 2021 fór fylgnin lækkandi, rauk aftur upp með innrás Rússa í Úkraínu en virðist nú vera á niðurleið.

12 mánaða ávöxtun víðast orðin neikvæð


Ársbreytingar hlutabréfamarkaða eru orðnar neikvæðar í öllum samanburðarlöndum, nema í Noregi þar sem ársávöxtunin er enn 11,5%. Ávöxtunin síðustu 12 mánuði er í fyrsta skiptið í langan tíma komin niður fyrir núll á íslenskum markaði en sömu, og ýktari, sögu er að segja af öllum öðrum mörkuðum. Í Þýskalandi nálgast lækkun ársins fjórðung og fimmtung í Svíþjóð. Bandarískur hlutabréfamarkaður hefur einnig lækkað nokkuð en á ársgrundvelli nemur lækkunin 11,9%.

Ávöxtun hlutabréfamarkaða í júní



Heimild: Macrobond.


Fylgni innlendra og erlendra hlutabréfa



12 mánaða fylgni á breytingum innlendra og erlendra hlutabréfa (milli mánaða).

Heimild: Macrobond.

12 mánaða ávöxtun hlutabréfamarkaða



Heimild: Macrobond.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.